

# C Q T F



**Að venju tók Í.R.A. þátt í vitahelginni sem fór fram helgina 20-21 ágúst. Þó nokkrir félagsmenn mættu á staðinn**

**Myndina tók Ársæll Óskarsson TF3AO**

## Í þessu blaði

**4. tbl.  
23. árg.  
sept 2005**



Frá ritstjóra .....	2
Frá formanni .....	3
Afl og truflanir .....	3
IARU HF keppni 9-10 júlí 2005 .....	5
5 MHz tilraunin .....	7
Að lokinni vitahelgi .....	8
Legu og Mors .....	9
Flaggstöng notuð sem loftnet .....	10
QRV á sólarströnd .....	11
TF-TF Viðurkenningar .....	12
Keppnismál .....	12
Lake Eyre loftnet .....	13
Vasalykill .....	14
Vetrardagskrá Í.R.A. veturinn 2005-2006.....	16



**Viðtakandi:**

Í.R.A. er landsfélag Íslenskra Radióamatóra. ÍRA er hin Íslenska deild í alþjóðasamtökum radióamatóra I.A.R.U. og I.A.R.U. Region 1 og norrænu samtökunum N.R.A.U.

Helstu markmið félagsins eru:

- Gæta hágsmana radióamatóra í hvívetna.
- Efla kynningu og samstarf meðal radióamatóra innanlands og utan.
- Stuðla að færni félagsmanna og góðum venjum í radióviðskiptum
- Hvetja til viðbúnaðar sem mætti gagnast í neyðarfjarskiptum.
- Efla amatörráðið sem leið til sjálfsþjálfunar á tæknisviðinu.
- Hvetja til tæknilegra og vísinda legra rannsókna og uppgötvana á sviði radiófjarskipta.
- Órva radióþróttir meðal radióamatóra.
- Þróa amatörráðgjöfnustuna sem verðmæta þjóðarauðlind.
- Stuðla að öflugri æskulýðsstarfsemi og kynningu á amatörráði meðal ungs fólks.

Í stjórn ÍRA 2005-2006 eru:

Form: Haraldur Þórðarson TF3HP  
Varaform.: Þór Þórisson TF3GW  
Ritari: Bjarni Sveinsson TF3GB  
Gjaldkeri: Ársæll Óskarsson TF3AO  
Meðstj.: Sveinn B. Sveinsson TF3SNN  
Varam.: Valtýr Einarsson TF3VG  
Varam.: Hrafnkell Eiríksson TF3HR

CQ TF er félagsblað ÍRA og kemur út fimm sinnum á ári. Útgefandi er: Íslenskir Radióamatórar, ÍRA, Pósthólf 1058, 121 Reykjavík. Ritstjóri og ábyrgðarmaður er: Brynjólfur Jónsson TF5BW, Pósthólf 121, 602 Akureyri.

Félagsheimili ÍRA er í þjónustumiðstöð ÍTR að Skeljanesi í Reykjavík og eru fundir þar á hverju fimmtudagskvöldi kl. 20.00.

Talhlóf ÍRA hefur verið lagt niður.

Vefsíða ÍRA er á slóðinni:

<http://www.ira.is> og er þar að finna ýmsar upplýsingar um félagið og amatörráðið

Skammstöfunin "CQ" er notuð í fjarskiptum til að tákna "kall til allra stöðva" og "TF" eru einkennisstafir Íslenskra radióstöðva.

Allir áhugamenn um fjarskipti og radiótækni, sem vilja starfa í samræmi við markmið félagsins geta gerst félagar

# Frá ritstjóra

Brynjólfur Jónsson TF5BW



TF5BW

Sælir félagar.

Það var ánægjulegt að setja saman CQ TF í þetta skiptið enda úr nægu fjölbreyttu efni að velja og aðeins er eftir til næsta blaðs. Ég vil nota þetta tækifæri til að þakka félagsmönnum sem og öðrum fyrir áhugann og hvetja menn til frekari dáða í þessum efnun.

Það er greinilega komið haust allavega hér fyrir norðan hitinn var í 3 gráðum í morgun þegar þetta er skrifað 27 ágúst og rigning og lágskýjað og búið að snjóa í fjöll enda ritstjóri að fara í sumarfrí um mánaðarmótin.

Ársæll TF3AO sendi mér eftirfarandi:

Mér barst í pósti í gær, póstkort frá Robert Caine, W8SX, sem heimsótti okkur í Skeljanes í sumar.

Texti póstkortsins fannst mér eiga erindi til okkar allra, og hví ekki að birta hann í CQ TF?

It was great good fortune that lead me to your club meeting on 7/7/05. To meet fellow hams on such a visit was a great pleasure. If it is ever possible for me to host any member of of the club here, please write and let me know. 73 Bob Bob þessi á heim í Kettering, Ohio, sem mun ekki vera ýkjalangt frá Dayton, þar sem ein helsta samkoma amatöra er haldin í maí ár hvert.

Hann hvetur alla féлага sem hafa haft aðsetursskipti að láta vita um nýtt heimilisfang.

Nánast við hverja útsendingu af póstsendum eintökum af CQ TF, koma 1-2 stk. til baka með álímdum miða með tilkynningu um að viðtakandi sé óþekktur. Þeir hinir sömu skulu því ekki undrast að blaðið berist þeim ekki.

Einnig vill hann taka fram að þeir sem það vilja geta lagt félagsgjaldið inn á reikning félagsins. 0116 26 7783 kt: 610174-2809

Ég vill taka undir þetta hjá gjaldkeranum okkar og bæta við að láta einnig vita um breytt tölvupóstfang og einnig að menn tæmi pósthólfin sín því ég fæ nánast í hvert skipti sem ég sendi út blaðið nokkra til baka sem ekki eru lengur með þjónustu á viðkomandi stað eða að pósthólfið er fullt og þess vegna ekki hægt að koma blaðinu til skila.

73 de TF5BW

# Frá formanni

Haraldur Þórðarson TF3HP



TF3HP

Ágætu félagar. Þá er gott sumar liðið. Allmikið var um að menn væru með tækin í ferðalögum og hefðu samband sin á milli á 80 metrum og einnig fannst mér meiri þátttaka í útileikunum núna en undanfarin ár.

Einnig hafa verið líflégar umræður um ýmis amatör málefni á póstlistanum og finnst mér það vel.

Nú á haustdögum voru próf hjá P&f og mættu þar 10 manns til leiks ýmist til þess að fara þangað í fyrsta sinn en aðrir til þess að fá uppfærslu á fyrri leyfi. Nú í fyrsta sinn var félaginu falið að halda utan um prófið. Þ.e. það var samið í samvinnu við þá hjá P&f en síðan voru það menn úr prófanefndinni sem sáu um framkvæmdina. Það er stórkostlega gott að vita til þess að P&f skuli telja okkur hæfa til þess að gera þetta þannig. En í framtíðinni verður félagið að setja sér enn fastari skorður varðandi þessi mál t.d. hverjum verður falið að semja prófin og hverjum verður falin umsjón með þeim og þar á ég við hverjum verður falið að fara yfir úrlausnir. Kannski eru þetta bara óþarfur "spekulasjónir" og verður ekki endurtekið!

En hvað sem því líður þá er fyrirhugað námskeið nú í vetur, sennilega hefst það í nóvember. Nánari tilhögun er enn ekki ljós en TF3JA hefur lýst yfir áhuga á að sjá um það í okkar umboði. Eins og sjá má annars staðar hér í blaðinu er vetrardagsskrá tilbúinn og er hún í höndum TF3GW eins og á síðasta ári.

Einu vil ég sérstaklega vekja athygli á í september en það er svokallaður "Stangardagur" í Guðmundarlundi við Elliðavatn en aðalhvatamaður var TF3HR og hefur hann umsjónina en þar sem haustið nálgast og allra veðra er von verður að fylgjast með veðurspánni og setja dagsetninguna á netið. Sjáumst í vetur sem oftast.

73 de Haraldur Þórðarson TF3HP

# Afl og truflanir

Vilhjálmur Þór Kjartansson TF3DX



TF3DX

## Uppspretta truflunar, breytt viðhorf

Á árum áður mátti oft rekja truflun frá amatørsendi til galla á sendinum sjálfum, ónógrar yfirsveifludreyfingar eða sníkjusveiflu svo dæmi

séu tekin. Þegar afl var aukið með því að stækka útgangslampa eða fjölga þeim í annars sambærilegri rás, mátti búast við að yfirsveiflur væru u.þ.b. fast hlutfall af sendiafli. Tífoldun sendiafls með stærra útgangsstigi þýddi á að giska tífoldun á affi truflandi yfirsveiflu.

Nú hafa sendar batnað svo mjög að truflun verður sjaldnast rakin til óæskilegrar útgeislunar sendis, heldur verður hún til utan hans, gjarnan í þeim búnaði sem truflast. Þá verður samhengi truflunarstyrks og sendiafls allt annað en að ofan greinir. Þegar hrein sending framkallar truflun í ytri rás, stígur styrkur truflunar jafnan miklu hraðar en sendiaflið. Í besta falli kemur 2. veldi við sögu, 3. veldi mjög gjarnan og oft hærri veldisvísar.

**Tífalda amatör sendiafl sitt stígur truflandi afl sem myndast í nálægum tæki hundraðfalt hið minnsta og auðveldlega þúsundfalt.**

Þó metnun valdi því að þetta gerist ekki í það óendanlega, má reikna með að lögmálið ákvarði mörk byrjandi truflunar í flestum tilvikum.

Í eðli sínu eru öll rafeindatæki viðkvæm að þessu leyti. Með rétttri hönnun og frágangi er hægt að draga úr hættunni, með vaxandi fyrirhöfn og kostnaði eftir að ákveðnum árangri er náð, en það er aldrei hægt að kveða þennan draug algerlega í kútinn. Astæðan er sú að innra með öllum rafeindatækjum býr Ólína Bogadóttir.

## Ólína Bogadóttir

Ef þið teiknið línurit yfir straum sem fall af spennu fyrir fast viðnám, fáði þið beina línu, eða 1. stigs fall eins og það er kallað í stærðfræðinni. Slíkt viðnám er sagt vera línulegt; ef þið varpið sínuslaga spennu um kennilínuna fáði þið óbrennlað sama bylgjuform á strauminn og engir nýir tíðniþættir myndast. Öll rafeindatöl, díóður, lampar, nórar, fetar o.s.frv. eru fjarri því að vera línuleg. Kennilína sem sýnir hvernig eitt merki leiðir af öðru er alltaf bogin, því má segja að Bogi sé faðir Ólínu.

Ef við veljum okkur vinnupunkt á slíkri boginni kennilínu er hægt að liða hana upp í svokallaða Taylor-röð út frá vinnupunktinum. Við lítum á bogna ferilinn sem samsettan úr 1. stigs falli, 2. stigs falli, 3. stigs falli o.s.frv., þar sem föllunum er gefið mismunandi vægi svo summa þeirra falli að raunverulegu kennilínunni. Stigið segir til um upp í hvaða veldi á að hefja innmerkið. Ferill fyrir allt samhengi annað en 1. stigs er ólínulegur, boginn verður því krappari sem stigið er hærra.

## Afurðir Ólínu

Afurð 1. stigs er einfaldlega upphaflega merkið óbrennlað og er sú sem við sækjumst eftir frá hvers konar möngunarstigi. Afurðir hærra stiga eru fyrst og fremst nýir tíðniþættir, yfirsveiflur og millimótun. Það er þessi eiginleiki sem flytur afl úr hreinni útsendingu amatörs inn á tíðnir sem koma fram sem heyrítíðni eða vídeó-tíðni í tækjum nágranna svo dæmi séu tekin. Lægsta stigið sem þessu veldur er 2. stig, þess vegna stígur afurð Ólínu með vaxandi aflí amatörsins aldrei hægar en með 2. veldi ef önnur merki koma ekki við sögu.

Reglan fyrir þessu er mjög einföld ef við reiknum í dB:

**Pegar innmerki stígur um  $x$  dB stígur afurð  $n$ . stigs ólínu um  $nx$  dB.**

Tökum sem dæmi að 3. stigs ólína myndi nýja tíðni sem er líkleg til að trufla. Ef amatörinn eykur sendiaflið úr 100 W í 400 W eru það 6 dB. Óæskilega merkið stígur þá um 3 sinnum 6 dB = 18 dB. Þetta er 64 sinnum í aflí.

Ef þið reiknið með tilsvarendi hætti fyrir hækkun úr 100 W í 1000 W sjáið þið hvers vegna engum amatör dettur í hug að hann geti notað slíkt afl í þéttbylí án sérstakrar aðgæslu.

## Truflanir í raun

Ólína lætur sér ekki nægja að laumast inn í rafeindatæki, hún lætur oft að sér kveða í oxíderuðum samskeytum málma utanhúss. Í tvígang s.l. 10 ár hef ég þurft að fást við spanskgrænu í tengiboxum á sjónvarpsloftnetum nágranna til laga truflun vegna sendinga frá mér. Loftnet fyrri nágrannans var varla nema 4-5 ára gamalt, en sjávarseltan í vetrarstormum hér smýgur inn í allt. Í síðara tilfellinu var truflaða loftnetið um 60 m frá sendiloftnetinu mínu. Ég nota aldrei meira afl en 100 W. Að vísu verð ég að viðurkenna að ég nota vertíkal, en hann er á úthorni lóðar sem snýr fyrst og fremst að opnu svæði, tugi metra frá næstu húsum.

Það væri efni í aðra greina að bera saman vertíkal og láréttan Yagi á mastri í þessu tilliti. Sömuleiðis að rifja upp þau rök sem Í.R.A. hafði uppi við Póst- og fjarskiptastofnum fyrir því að amtörum sé treystandi til að nota það afl sem hæfir aðstæðum hverju sinni og hafi þekkingu til þess. Þessi grein er tilraun til að efna það síðast talda.

73, de Villi TF3DX

# IARU HF keppnin 9-10 júlí 2005

Andrés Þórarinnsson TF3AM



TF3AM

Ég hafði nokkurn undirbúning fyrir þessa keppni og flest var tilbúið tímanlega. Þannig var Ameritron 500W 12V magnarinn tilbúinn svo og 4 rafgeymar til að keyra hann. Til að aðhæfa við loftnetið hafði ég fengið MFJ 976 ballan-

seraðan tjúner og svo var stöngin komin á kerruna, alls 15m af 10cm álrörum svo og stagfestur, einangrarar, hælur og stög.

Svo var ekið austur í bústað og stöngin reist, lóðréttur dípóll með 6m arma og sá neðri var 3m frá jörðu. 300 ohma flatkapall var tengdur við dípólinn miðjan og haldið frá neðri hluta stangarinnar með fíberstöngum og tekinn inn um glugga. Það sýndi sig að fartölvan suðaði einhver býsn og því hafði ég ekki tekið eftir áður, svo önnur fartölva var sótt og sett við. Matti TF3MA tékkaði á móti mér á laugardagsmorgun á 80m, 40m og 20m. Auk þess gat ég tjúnað út á 15m. Aflið var ekki mikið en þó náðust um 250W

út þar sem spennan var ekki ekki nema tæplega 13V. Allt var tilbúið á laugardag kl 12, þegar ballið byrjaði. Þetta er stutt keppni, frá hádegi laugardags til sama tíma á sunnudag.

Fyrsta hálf tímann voru 15 sambönd á 20m og það þótti mér bara gott því tækinn var sú að fara á milli stöðva og grípa þær hverja af annarri. Fyrst var keyrt á 20m en 15m voru bara ágætir og alls komu þar 55 sambönd síðdegis og 11 svæði. Lengst var haft samband við Japan og S-Afríku og svo var gaman af því að grípa TZ9A sem var í Mali í Afríku. Um kl 20 lagði ég mig, enda gerði ég ráð fyrir að USA og Kanada kæmu inn um miðnætti. En það varð ekki svo, einungis 6 kanar komu, en nokkrar Brassar og Argentínumenn, Kuvæt, Sao Tome og svo Evrópumenn. Ég heyrði óminn af TF3XEN sem var mjög laginn. Ég lagði mig aftur hálf tvö og þá voru samtals 183 sambönd komin í skrá. Svo tók ég aftur við hálf níu næsta morgun. Þetta var nánast allt í austurátt, Rússar og Finnar og Miðevrópumenn og svo færðust samböndin í suðurátt með



sólinni. Kl. 09:30 kom fyrsti Kaninn af austurströndinni, og Kanadamaður stuttu síðar. Kl. 10:25 voru komin 24 sambönd þennan morgun. Þá breytti ég um tækni og lagðist á mína tíðni og kallaði CQ Contest í sífellu. Fyrstu 10 mínúturnar var dauft, einungis 2 sambönd en svo lifnaði yfir þessu og þegar öllu lauk kl 12 höfðu komið inn 78 sambönd með þessum hætti. Sæli TF3AO var svo elskulegur að hafa


**Hér er TF3AM ásamt YL að reisa stöngina sem er lóðréttur dípóll með 6m örnum og 3m frá jörðu, alls 15m.**

CQ TF september 2005



**Tækin uppsett og í góðum gír. Icom 706MkII ásamt hjálparbúnaði er í kassanum fyrir miðju, en magnarinn og tjúner til vinstri. Með hnappaborðinu við sendinn má stjórna sendingu. Það er þægilegra en að nota fótrofann.**

samband og gefa mér punkt. Alls komu inn í keppninni 282 sambönd við 30 svæði á 20m og 15m og 33 höfuðstöðvar, og áætluð stig eru 56 þúsund.



**Útgeislun frá lóðrétta dípólnum á 20m, eins og hann reiknast yfir meðaljörð, er heppileg til fjarskipta út fyrir landsteinana. Mesta mögnun er um 7dBí við 5° horn og er jöfn allan hringinn.**

Allt virkaði vel hjá mér og loftnetið alveg sérstaklega. Það sendi greinilega undir lágu horni jafnt í allar áttir og það hentaði mér vel. Magnarinn og tjúnerinn unnu sitt verk og það skip-tir greinilega miklu að hafa meira afl en 100 wött. Best er að geta haft samband við þá sem heyrast í, en þá þarf meira en 250W. Þótt ekkert rafmagn sé í bústaðnum, en einungis keyrt á 12V rafgeymum, þá reyndist það ágætlega. Suðið var lítið, algengast 1-2 S-stig.

Þegar ég kom heim og leit á vefsíður um truflanir, þá sá ég að skilyrði höfðu verið með versta móti sl. sólarhring. Þannig hafði segulsviðið eins og það mælist hjá Matta TF3MA verið mjög órólegt, norðurljósín voru sterk, og K-stuðullinn var hár. Allt þetta má sjá á meðfylgjandi línuritum.

Þátttaka í þessu móti var hin besta skemmtan, og góð æfing í að setja saman góða stöð við frekar frumstæðar aðstæður.

73 de TF3AM

(Sökum plássleysis, sem er nú óvenjulegt á þessum vetvangi þá var myndum af línuritum sleppt og bið ég Andrés velvirðingar á því. Ritstj. TF5BW.)

# 5 MHz tilraunin

Pór Þórisson TF1GW



TF1GW

Eins og öllum er kunnugt þá fengu íslenskir radio amatörar tímabundin afnot af 8 tíðnum á 5 MHz þ.e. frá 1.6.2005 og út árið 2007, þessum tíðnum deilum við með amatörum í nokkrum nágranna löndum okkar svo sem Bretlandi, Noregi og Finnlandi auk þess sem Bandaríkin og Canada hafa leyft amatörum að nota nokkrar tíðnir. Það vill svo til að þessar tíðnir eru ekki þær sömu í öllum löndunum en þegar undirritaður fór á stúfana til að afla leyfis fyrir okkur TF amatöra þá sást að tíðnirnar sem eru leyfaðar í Noregi eru góð blanda af þeim tíðnum sem leyfðar eru í fyrr nefndum löndum. Þess vegna varð það úr að sótt var um sömu tíðnir og eru í Noregi. Þess ber að gæta að það eru aðrir notendur á tíðnunum og þá sérstaklega starfsemi tengd herjum í hinum ýmsu löndum og ég vil árétta það að við amatörarnir erum á algjörlega víkjani grundvelli þ.e. undir engum kringumstæðum megum við valda truflunum hjá öðrum notendum en það hefur aðeins borði á þeim misskilningi að menn líti á þessar tíðnir sem amatörtíðnir en svo er ekki þær eru aðeins veittar til tilrauna en það er von mín að þegar fram líða stundir þá fái við amatörar helst bót á 5 MHz.

Áhugi minn vaknaði á 5 MHz bandinu fyrir nokkrum árum þegar ég var að senda útvarpsfréttir fyrir TFA á stuttbylgju en ég var í góðu sambandi við t.d. Bigga heitinn OZ1LVD en hann hafði haft orð á því við mig að á kvöldtímunum heyrðist ekkert hvorki á 7 eða 9 MHz sem voru notaðar til útsendinga, það skipti ekki máli hvað sendarnir voru kynntir þ.e. 10KW út í ca. 18 dBI rohmbur. Einn daginn ákváðum við að stelast á tíðni sem er ætluð til BC neðst á 5MHz og viti menn Biggi heyrði eins og sendirinn

væri heima í stofunni hjá honum, þannig að frá þeim degi hef ég haft áhuga á að reyna sambönd við nágranna löndin sem er örðið að veruleika núna.

Austur í sveitasetri okkar hjónanna hef ég verið að gera tilraunir með ýmis loftnet og verið að reyna að átta mig á skilyrðum á 5MHz og það hefur komið í ljós að þau eru eins og vænta má misjöfn en þó hef ég verið í sambandi við GM og LA stöðvar og oftar en ekki allan sólahringinn. Mest hef ég haft QSO við GM8KPH Martin sem er einn aðal guro þeirra RAYNET manna í Skotlandi er mentaður rafmagnsverkfræðingur og hefur verið eins og ég að spá í hverskonar loftnet séu heppilegust hverju sinni miðað við vegalengdir. Mest höfum við notast við vertical loftnet og dípóla eða hin víðfrægu NIVS útfærslu, sem sitt sýnist hverjum um en það hefur komið í ljós að til Skotlands er oftast heppilegra að nota verticalinn en hann virðist gefa um 6-10 dBI meira gain en dípóllinn en það er þó ekki algilt. Ég rak mig á það um síðustu helgi að dípóllinn var um 3 S unitum betri. Til að byrja með var ég með dípól í um 4-6 m hæð yfir jörðu og með vír liggjandi á jörðinni sem á að virka sem reflector og síðan LV + Hustler GP. Fyrir um 3 vikum birtist TF3DX á sínum fjallabíl á hlaðinu með ca. 13 metra langa stöng og það var ekki beðið boðanna með að setja hana upp og það vildi svo til að hún var í resonans á 5.4 MHz þegar búið var að ganga frá radiölunum. Upp frá þessu hef ég setið stíft við tækin og verið að bera saman sérstaklega dípóllinn og stöngina bæði á 5 MHz og 3,6 MHz, á 5MHz hef ég notast við RAF völmét á 5450 KHz sem sendir stöðugt út veðurlýsingar frá hinum ýmsu flugvöllum. Það hefur sýnt sig að í flestum tilfellum hefur stöngin eins og áður var nefnt 6-10 dBI betri en dípóllinn en ef farið er á 3,6 MHz þá snýst dæmið við dípóllinn er um það bil

Framhald í síðu 15

# Að aflokinni vitahelgi

Arsæll Óskarsson TF3AO



TF3AO

Nú er vitahelgi radióamatöra þetta árið lokið og ég held að aldrei hafi ratað eins mörg sambönd í “logginn” eins og núna.

Á laugardagsmorgni þann 20. ágúst voru mæt-

tir í Skeljanes um kl. 8:30, þeir sem voru ákveðnir í að vera með í gamninu. Heldur var hópurinn þunnskipaður, en hann samanstóð af Haraldi, TF3HP, Sveini, TF3SNN, Garibaldi, TF3-083 (bróðir Sveins) og undirrituðum, TF3AO. Í Skeljanesi var tekinn saman tækjabúnaður og svo ýmislegt annað sem viðkom ferðinni svo sem borð og stólar og þess háttar. Þá var haldið af stað og vorum við komnir austur um kl. 10 og þegar hafist handa við að setja upp striga til að dempa niður bergmál inni vitanum. Þá voru einnig sett upp loftnet og voru það umsnúid V fyrir 20/40metra og hálfbylgjuvír fyrir 17m. Vitinn var notaður til að halda uppi fyrrgreinda netinu, en 10metra álstöng (fengin að láni frá TF3BM) var notuð til að halda uppi 17m netinu.

Það var um 12 leytið sem við komumst í loftið og strax mikið kraðak (eftir umræðu fyrr á árinu um þýðingu á pileup, er líklega vænlegast að halda sig við orðið sem varð niðurstaða úr þeirri umræðu). Flestar stöðvarnar voru frá Evrópu, og bar þar sérstaklega mikið á þýskum stöðvum. Þá voru einnig nokkrar stöðvar frá BNA og við fengum góð orð fyrir óvenju sterkt merki á Norðurlöndunum, m.a. í Finnlandi. Ótrúlegt hvað hægt er að gera á 100W með þokkalegu loftneti á frábærum stað.

20 metranir heldust opnir langt fram á kvöld, og þrátt fyrir að við reyndum í smá tíma að prófa 17m og 40m eftir að við hætum á 20m um kvöldið, þá voru skilyrðin engin samanborið við það sem þau voru á 20m. Það var rétt fyrir miðnætti sem við hæt-

tum, enda búnir að vera að síðan eldsnemma um morguninn. Veður var alveg skaplegt á laugardeginum, nokkur gola, sæmilegt hlýtt og sólskin stóran hluta dagsins. Stórfenglegt var að sjá brimskaflana, sérstaklega þegar við komum austur um morguninn.

Þó nokkrir félagar okkar komu í heimsókn yfir daginn og ber að þakka þann stuðning. Ég vona að ég gleymi engum þegar ég tel upp: TF3GC, TF3JX og XYL, TF3GW, TF3BM, TF3VS, TF3VB, TF3VO, TF3VHN, TF-8PBN. Þá komu einnig Guðmundur Ingi og XYL með hjólhýsi í eftirdragi og dvöldu þarna með okkur fram á næsta dag.

Á sunnudagsmorguninn var HP byrjaður í loftinu um kl. 0630 og uppúr kl. 07 mætti undirritaður og skilyrðin fóru batnandi þegar á leið morguninn. Um hádegisdögum við fleiri gesti og voru það: TF3DX, TF3GD (Guðrún eiginkona Villa) og TF3PPN. Villi og Guðrún lögðu bílnum niður við fjörukambinn og bættu við um 70 CW samböndum í logginn og var það kærkomin viðbót við hin 960 SSB sem við vorum búnir að hala inn þegar við hætum um kl. 15.

Heldur var veður leiðinlegra á sunnudeginum með snörpum skúrum og varð stundum að sæta lagi og hlaupa inn á meðan við vorum að taka saman búnaðinn.

Þegar á heildina er litið held ég að við getum verið ánægðir með árangurinn eftir helgina, og þó að ég hafi misst af Menningarnótt í Reykjavík, s.l. 7 ár, hefði ég ekki viljað mis- sa af Vitahelginni.

Með þakklæti til þeirra sem létu sjá sig, tóku þátt í þessu á einhvern hátt og sjá sér vonandi fært að koma að ári. Þeim sem færðu okkur kaffibrauð og veittu kaffi á staðnum þökkum við sérstaklega.

73 de TF3AO



# Lego og Mors

Níels Kristjánsson TF3NJ/VA6NJ



TF3NJ/VA6NJ



Það er kannski ekki algengt að sjá þessi tvö orð, LEGO og Mors, í sömu setningunni og því vaknar spurningin hvað þessi tvö orð geti átt sameiginlegt. Hér á eftir fer lítil saga sem er nú senni-

lega frekar jólasaga en gæti átt við svo mörg önnur tækifæri. Kunningi minn Ying Hum VA3YH hefur góðfúslega gefið mér leyfi til að endursegja, stæla og skrumskæla eftirfarandi.

En við skulum gefa VA3YH orðið:

Það var örfáum dögum fyrir Jól að 9 ára sonur minn var orðinn spenntur á að bíða eftir jólunum og var orðinn svo órólegur að það varð að gera eitthvað í málinu. Ég ákvað að finna eitthvað handa honum að gera og datt í hug að biðja hann að smíða Mors-lykil úr Legókubbum. Tuttugu mínútum seinna kom hann til baka með þennan “Legolykil” (sjá mynd 1.).

Frumhugmyndin var lykill sem hafði bré-faklemmu og 10 cent (Kanadískan tseyring úr silfur-blöndu) sem snertur. Þetta var ekki mjög traust þar sem bré-faklemman var úr of mjúkum vír. Það var fundað um hvað



væri hægt að gera til úrbóta og lagði ég til að notuð yrði löng sknúfa með ró í staðin fyrir bré-faklemmuna. Sonurinn framkvæmdi breytinguna og nú virkaði græjan eins og til var ætlast. Nú vantaði tóngjafa til að geta æft sig og tengdi ég einfalda rás sem er með 555 timer (sjá [http://www.geocities.com/n2uhc\\_2/code\\_osc.html](http://www.geocities.com/n2uhc_2/code_osc.html)). Þegar þetta var komið í gagnið lærði strákurinn fljótlega að senda nafnið sitt á morsinu.

Vegna þess að nú var til þessi forláta Morslykill á heimilinu ákvað jólasveinninn að gefa eina auka jólagjöf “radio phone telecommunication project kit for kids” (sjá mynd 2.).

Á jóladag opnaði sonur minn pakkann. Hann fór á hundavaði yfir fyrstu og einföldustu verkefni eins og t.d. dollur með streng og þessháttar og fór beint í kaflann um kristalmóttakarann. Það fóru u.þ.b. tuttugu mínútur í að vinda spóluna á tóma

Framhald á síðu 15

# Flaggstöng notuð sem loftnet

Sigfús Jónsson TF5SJ/LA0BX




TF5SJ/LA0BX

Fátt vekur meiri áhuga meðal radióamatöra en loftnet og er mikið um þau rætt á böndunum. Í svæðisklúbbnum, þar sem ég er meðlimur, er það tvennt sem gefur góða fundarsókn. Annað er uppboð á nýtum og ónýtum hlutum og hitt er fyrirlestrar um loftnet. Ekki hafa allir pláss eða möguleika til að setja upp stór stefnuloftnet eða langa víra, en sem betur fer má oft ná góðum árangri með einföldum loftnetum sem ekki taka mikið pláss. Í Amatørradio (1. 1998) segir Bjørnar Augdal, LA5ZC, frá því hvernig hægt er að nýta flaggstöng úr áli eða stáli sem ágætis vertikal. Vinstra megin á myndinni sjáum við að hæðin á flaggstönginni er 9,16 m. Þetta er heldur stutt, svo hér þarf smá framlengingu (1,34 m) til að fá eigintíðnina í 40 m bandið. Ekki má mikið bera á framlengingunni, því það er leiðinlegt ef fólki sýnist flaggað í hálfu stöng þegar flaggið er dregið að hún. LA5ZC notaði þess vegna 3 mm stálþráð, sem hann festi

með tveim slöngukl-  
emmum og beygði yfir  
húninn (sjá mynd). Til  
að auka topprýmdina,  
lét hann sjóða kross úr  
sama efni á stálþráðinn  
(um það 20 sm langan).  
Neðst á stöngina er  
annar endinn á 25 mm  
breiðum koparstrimli  
skrúfaður fastur með  
sýrubolnum bolta.  
Koparstrimillinn er svo  
notaður til að tengja  
radíalana með samskonar  
boltum, passlega stórum  
fyrir kapalskóna. Kóaxka-  
pall og radíalar eru grafnir  
niður, rétt undir  
grasrótina, svo það er  
ekki mikið sem sjáanlegt  
er, að verki loknu. Flaggstöngin  
er ekki einöngruð frá jörð,  
svo hér er notuð gammaaðlögun.  
Hvernig þetta er gert, sést á  
hægri hluta myndarinnar.  
Neðst er gammastöngin  
fest með einangrara, en  
stálklemmu efst. Breytilegi  
þéttirinn er settur í kassa,  
til þess að hann haldist  
hreinn og þurr. Smá gat  
þarf að vera neðst á  
kassanum, svo raki sleppi  
út. Þéttirinn er stilltur  
þannig að sem best  
aðlögun náist. Sennilega  
þarf að breyta eitthvað  
lengdinni á gammastönginni  
með því að færa stálklemmuna  
upp eða niður. Hvernig best  
er að gera þetta fer eftir  
því hvaða mælitæki eru fyrir  
hendi. “The ARRL Handbook”  
hefur ágæta lýsingu á  
gammaaðlögun, sem gagnlegt  
er að lesa. Í lok greinarinnar  
segir LA5ZC, að hann hafi  
orðið hissa þegar hann fór  
að prófa loftnetið og í ljós kom,  
að minni truflanir urðu í síma,  
aðvörunarkerfi, útvarpi og  
sjónvarpi en frá Cushcraft  
R5 vertikal og láréttum  
hálfbylgju dípól. Hann segir  
þó ekkert um hvernig loftnetin  
voru staðsett.

73 de TF5SJ/LA0BX



# QRV á sólarströnd

Kristinn Andersen TF3KX



TF3KX

Það var á fallegum júnidegi í sumar að fjölskyldan tilkynnti mér að hún hefði ráðstafað okkur (og það sem ekki skiptir minna máli – kreditkortinu) í sólarlandaferð síðar í mánuðinum. Það varð ekki aftur snúið og reyndar var ég hálf feginn þessari framtakssemi og langþráðu fríi, sem ráðgert var á strönd borgarinnar Palma á Mallorca, sem á máli okkar radióamatöra heitir EA6-land.

Lagt af stað í fríið

Auðvitað pakkaði ég niður QRP stöðinni, sem með öllu (þ.m.t. loftnetsvír og rafhlöðum) kemst fyrir í litlu veski (sjá lýsingu mína í CQ TF sept. 2004), ásamt MFJ fiberstöng sem draga má úr rúmlega 1 metra út í 10 metra lengd. Fiberstöngin vekur alltaf athygli flugvallastarfsmanna og það verður yfirleitt úr að ég segi hana vera “veidistöng”, enda lítur hún þesslega út – eins konar sívalur plasthólkur sem lokaður er í báða enda. Það bregst heldur ekki að í öll þau skipti sem ég hef tekið hana með mér í flugferðir hefur hún týnzt og þetta varð líka reyndin á heimleiðinni, þar sem hún átti eftir að þvælast til Frankfurt áður en hún rataði heim til Íslands, tveimur dögum síðar. Reyndar býður stöngin dálítið upp á að týnast, þar sem hún er sívöl og veltur auðveldlega um á farangursfæriböndum. Næst ætla ég að festa lítið pappaspjald á hana, sem má nota sem merkimiða, en ætti ekki síður að koma í veg fyrir að hólkurinn taki upp á að rúlla um á eigin spýtur.

Ég vissi lítið hvað beið mín í aðstöðu til að setja upp loftnet og radióstöð á áfangastað. Það varð þó úr að ég byrjaði á að koma mér fyrir á svölum hótelsins, setti upp QRP stöðina og hélt fiberstönginni með vír út yfir hótelgarðinn. Hótelgestum niðri við sundlaugina þótti dálítið sérkennilegt að sjá

náhvítan norðurlandabúa bera sig að eins og við sjóstangaveiði þarna af svölunum, yfir pálmatrjánum í garðinum, en þeir sneru sér svo á hina hliðina, kærðu sig kollótta og breiddu úr sér fyrir geislum sólarinnar. Ég horfði líka til sólarinnar, en var meira með hugann við sólbletti, sólgos og önnur atriði sem hafa áhrif á radiófjarskipti.

Í loftinu

Stöngin mín sneri í hásuður, út að hafinu sem var í aðeins 200 metra fjarlægð. Þarna náði ég nokkrum samböndum á næstu dögum til nálægra landa, sem EA6/TF3KX, en ekki þótti mér árangurinn neitt til að hrópa húrra fyrir. Það varð því úr að ég taldi í mig kjark einn daginn og mætti með stöngina góðu og græjurnar, pakkadar í litla veskið, niður á sjálfa ströndina. Ef túristarnir í hótelgarðinum höfðu “N-leyfi” á sólþöðin þá voru söldýrkendurnir á ströndinni örugglega með “G-leyfi”, ef ekki “gamla C leyfið”, þar sem þeir mættu á sólarbekkina við sólarupprás og voru steiktir við sólsetur.

Þarna dró ég hikandi út stöngina góðu, teygði hana til himins og festi við sólhlífina. Þýzka frúin á næsta bekk spurði hvað þetta væri og mér kom ánægjulega á óvart að hún kannaðist við “amateur-funk” og gerði engar athugasemdir þótt skugginn af stönginni félli þvert yfir kviðinn á henni. Ég tók til við að kalla CQ og hlusta og þarna hafði ég nokkur sambönd fram eftir degi milli þess sem ég hafði það náðugt innan um Bæjara og Prússa sem einnig voru að slaka á eftir veturinn norðar í Evrópu.

Æskulýðsstarf á Spánarströnd

Síðla dags gekk fram hjá mér strákur, á að gizka tólf ára, og var afar forvitinn um stöngina miklu og græjurnar. Hann reyndist vera spænskur og talaði ekki orð í ensku eða öðrum málum sem ég kunnir. Eftir talsvert handapat skildi ég þó að hann vildi vita meira um þau undur sem ég hafði sett

Framhald á síðu 15

# TF-TF Viðurk.

Kristinn Andersen TF3KX

Enn einu sinni gef ég stutta skýrslu um þátttöku í TF-TF viðurkenningunum, en hún var með minnsta móti fyrir mánuðina apríl-júní sl. Við vorum þrír sem tókum þó saman samböndin okkar innanlands, TF1GW, TF8SM og ég sjálfur, TF3KX. Eins og fyrri daginn var Daddi, TF1GW, með flest stíg, þar næst kom Smári, TF8SM, og sjálfur rak ég lestina eins og sést á neðangreindri töflu:

Kallm. þátt.	Fjöldi TF Samb.	Mism. TF kallm.	Heildar stíg
TF1GW	83	22	4.536
TF8SM	64	13	1.900
TF3KX	12	6	102

Smári var reyndar í loftinu bæði sem TF8SM og sem TF8SM/3 á tímabilinu og lyfti heildarstígafjöldanum talsvert upp með því. Athugið að í töflunni eru ekki sýndir punktar og margfaldarar heldur eingöngu heildarstigin, auk fjölda sambanda og fjölda mismunandi TF-kallmerkja sem haft var samband við á tímabilinu. Alls komu fyrir 26 mismunandi kallmerki í logg-skráningum okkar sem tókum þátt, en þrjá mánuðina þar á undan höfðu komið fyrir 28 mismunandi kallmerki. Kallsvæði sem heyrdust núna voru 3, en voru 5 þar áður. Ekki er þó alfarið rétt að bera tímabilin saman með þessum hætti, þar sem mun færri tóku þátt núna en áður.

Það verður spennandi að sjá hvort seinni hluti sumarsins leiði í ljós meiri virkni í innanlands-samböndum með auknum ferðalögum um landið. Núverandi tímabil er fyrir júlí, ágúst og september og að því loknu hvet ég sem flesta til að senda mér upplýsingar um innanlandssambönd sem þeir hafa haft á því tímabili. Eins og fyrr er velkomið er að hafa samband við mig ef menn hafa spurningar - í síma 555 0028, í tölvupósti [tf3kx@simnet.is](mailto:tf3kx@simnet.is), eða auðvitað á 3633 kHz. Einnig má finna allar upplýsingar á vefsíðu minni: [www.simnet.is/net/tf3kx](http://www.simnet.is/net/tf3kx).

73 de Kiddi, TF3KX

# Keppnismál

Ársæll Óskarsson TF3AO



TF3AO

Heldur verður keppnisdálkurinn þunnur þetta skiptið, engin þátttaka af minni hálfu í sumar, en eftirfarandi fékk ég frá TF3KX:

DL-DX RTTY árangur

TF3KX, 2-3. júlí 2005:

Samtals tími í keppninni: 12 klst.

Summary:

Band QSOs Pts Mults

```
-----  
80:    0    0    0  
40:   32  353  15  
20:  229 2734   64  
15:    5   53   5  
10:    0    0    0  
-----
```

Total: 266 3140 84

Total Score = 263,760

Rig: IC746, 100W

Ant1: Inv-V for 40-10m

Ant2: 6m vertical for 80 and 160m

SW: N1MM logger with MMTTY

Skilyrðin voru fremur léleg hér, 10 og 15m nánast dauðir og ég náði ekki út fyrir landsteinana á 80m. Hafði samband við A4, Oman, á 20m, en að öðru leyti var lítið fréttæmt í loggnum.

Með von um að úr meira efni verði að móða þegar haustar.

73 de TF3AO

# Lake Eyre loftnet

Sveinbjörn Jónsson TF8VET



TF8VET

Ég hef upp á síðkastið spáð og spekulerað í loftnetum fyrir 80m og þá sérstaklega loftnetum sem ekki taka of mikið pláss. Þetta er vegna þess að ekki er mikið landrými hjá mér fyrir stór net á lægri tíðnunum. Eins og

margir vita þá fer oft mikill tími í að skoða og velta fyrir sér góðum hugmyndum sem gaman yrði að prófa. Ég er búinn að vafra um á vefnum í leit af teikningum af loftnetum á lágu böndunum sem hentuðu.

Mikið af þessum netum sem maður hefur skoðað eru ekki trúverðug, sennilega ekki betri í DX en gervi álág (Dummy). En það er víst ekki hægt að fá ekki alt sem fullvaxinn net bjóða upp á, svo menn þurfa oftast að vegna meta hlutina og skoða kosti og galla.

Nú fyrir stuttu fann ég heimasíðuna hjá Tony Hunt VK5AH\* þar sem hann er með net sem hann kallar Lake Eyre og er tveggja banda (40/80). Ég sá að ég hafði pláss fyrir akkúrat svona net og eftir smá gerjun þá ákvað ég að setja saman net í svipuðum dúr, úr efni sem ég átti. Ég notaði 2,5q mjúkan töfluvír, bútur af 50mm PVC raflagnaröri og 0,8q lökkuðum koparvír.

Ég byrjaði á að vefja spóluna á 50mm rörið og vafði rétt rúmlega 150 vindinga í stað þeirra 200 sem teikningin sagði enda var ég með 10mm sverara rör heldur en það sem gefið var upp samkvæmt teikningunni. Síðan klippti ég rétt rúmlega 10m af 2,5q vírnum og annan bútt uppá 1,8m, síðan tengdi ég þá við spóluna.

Eftir að netið var komið saman setti ég það upp á rör sem er í 6m hæð við endann á hú-

sinu hjá mér, hallar netið niður þannig að stutti leggurinn er u.þ.b í 2m frá jörðu og er mótpóll netsins bárujárnið á húsinu.

Þegar ég prófaði netið í fyrsta sinn varð niðurstaðan sú að ég fékk því sem næst enga standbylgju á 40m en 80m voru alveg út úr kú. Ég prófaði þá 160m og fékk þá mjög litla standbylgju þar, en bara á mjög þröngu svæði.

Þessi fyrsta niðurstaða gaf mér það að sennilega hafi spólan verið helmingi of stór og að eiginleikar þessa nets væri eins og vitað er um spólu net, að þau eru frekar band-þröng. Þegar hér var komið, hafði ég samband við nággranna minn hann Smára TF8SM og hann kom með loftnetsmæli sem við notuðum við styttingu spólunnar. Við styttum spóluna í nokkrum áföngum þar til að við fengum standbylgjuna u.þ.b. 1,5:1 á 3625 kHz. En vegna þess hversu band þröngt netið þá var standbylgjan orðinn meir en 2:1 á 3633 kHz, sem var sú tíðni sem ég vildi fá netið á. Ég styttaði því stutta leggin örflítið og netið fór í 1,5:1 á 3633 kHz. Við þær breytingar sem ég gerði á spólunni og stutta leggunum breyttist standbylgjan lítið sem ekkert á 40m, ef það var einkvað þá lagaðist hún. Bandbreiddin á 40m er mun meiri heldur en á 80m og er hún í lagi yfir nærri allt bandið en á 80m var 3:1 við 3580kHz og aftur við 3683kHz. Þó að ekki sé komin mikil reynsla á þetta net lofar framhaldið góðu. Ég hef haft nokkur qso á 80m við stöðvar hér við Faxaflóann og eitt við TF2CT í Stykkishólmi.

Í flestum tilfellum hef ég fengið ágætis rapport þannig að netið virðist vera að virka.

73 de TF8VET

\* <http://homepages.picknowl.com.au/wave-tel/antennas.htm>

fp  
○

H

S

L

TF8VET

# Vasalykill

Niels Kristjánsson TF3NJ/VA6NJ



TF3NJ/VA6NJ

Það var um daginn að ég var að henda drasli úr bílskúrnum, að tilstuðlan XYL, þar sem ég er í rólegheitunum að sortera draslið úr hverjum kassann á fætur öðrum rakst ég á vindlakassa með rafmagns dóti og þar á meðal var ónýtur segulrofi. Þegar ég er að handfjatla rofann datt mér í hug hvort ekki væri hægt að nota snerturnar úr rofahlutanum til að smíða lítinn morselykil. Þarna í vindlakassanum virtist vera allt sem til þurfti til smíðanna. Varð nú hlé á tiltektinni í bílskúrnum enda XYL ekki heima í augnablikinu. Makalaust hvað maður getur leiðst fyrirvaralaust inn á aðrar brautir þegar maður er einn heima og þar að auki að gera eitthvað sem er ekki beint til skemmtunar. Ég notaði tvær snertur í miðjuhlutann og til að gera þær stinnari lóðaði ég tvo tindropa á milli þeirra og dugði það. Í kassanum voru líka einangrunar hringir sem eru notaðir til að einangra transistora frá kæliplötu, tveir svoleiðis límdir í hringtengi og þau lóðuð á snertu enda og þá voru fingrastykkin komin. Þetta var allt smá saman að taka á sig þá mynd sem ég hafði í huganum. Smá járnþútur, líka úr rofanum, var lagaður til og þar með komin festing fyrir lykilinn. Álbút fann ég og hann notaður sem undirstaða. Í vasanum var ég með litla blikkdós (sjálfsagt ætlað að henda henni líka) og hún alveg tilvalin til þess að



setja lykilinn í hana. Álbúturinn minnkaður sem dósinni nemur og festingunni fyrir lykilinn breytt þannig að hægt er að snúa lyklinum um 90 gráður á undirstöðunni svo allt passi í dósina. Dósin er ekki nema 6 cm á lengd og 3.5 cm á breidd. Þar sem ég stend við vinnuborðið og virði fyrir mér sköpunarverkið heyri ég í bíl XYL koma fyrir hornið svo ég greip dósina og lokaði henn og stakk henni í brjóstvasann. XYL fannst ég vera með eitthvað skömmustulegt glott en ég lagði hönd á hjartastað (dósina) og sór og sárt við lagði að ég væri enn að laga til og henda og hefði ekki einu sinn stigið fæti út úr bílskúrnum meðan hún var í burtu. Það eina sem ég hef gert aukalega við lykilinn er að líma þunnan segul á botnin á lyklinum til þess að hann tolli ofan á dósinni þegar hann er í notkun, það tekur ekki nokkur eftir því þó að ein auglýsing úr þeim aragrúa af auglýsingum hverfi af ísskápshurðinni enda af nógu að taka. Vasalykillinn er hinn ljúfasti í notkun og hef ég haft nokkur QSO með honum og er hann nú orðinn hluti af QRP ferðastöðinni. Það er aldrei að vita hvað manni dettur í hug ef maður þarf að komast hjá því að gera eitthvað leiðinlegt. Já það er ekki enn búið að henda öllu draslinu enda aldrei að vita hvað verður til næst þegar á að taka til í bílskúrnum.

73 de Niels J. Kristjánsson TF3NJ



## 5 MHz tilraunin frh.

sama betri en stöngin og eitt er það að þegar dípóllinn er notaður er miklu hljóðara þ.e. maður losnar við allskyns QRN og merkið frá mótstöðinni er oftar en ekki rokk stöðugt ég hef orðað það þannig að það líkist einna helst því að maður sé beintengdur við viðkomandi stöð en auðvitað er QSB eins og gengur.

Eitt er það að ég hef tekið eftir því að það er mikill munur á 5 og 7MHz en á hverjum laugadags og sunnudagsmorgni kl.08:30 GMT er ég ásamt nokkrum Skotum, Dönum og Norðmönnum í loftinu á 7183 KHz og oft förum við Martin niður á FM á 5MHz til að prófa og nánast alltaf er allt að 7-8 S unita munur á merkjunum sem gefur 5 MHz vinninginn þannig að mínu áliti er MUF sennilega í kringum 6-7 MHz sem segir okkur að nú skal bretta upp ermarnar og ganga í það að radio amatörar fá aðgang að 60 metrunum. 73 de TF1GW

## Lego og Mors frh.

klósettrúllu samkvæmt leiðbeiningunum. Þegar allt var komið á sinn stað var prófað en ekkert heyrðist.

Með vonsviknisróm var beðið um aðstoð. Eftir rannsókn kom í ljós að í efnislistanum var mynst á sandpappír en í leiðbeiningunum var alls ekki mynst á hann. Ég lagði til að nota sandpappír-inn til þess að hreinsa lakkið að endunum á spóluvírnum og prófa aftur. Að þessu loknu var allt enn dautt og sé ég nú fram á kennslustund í að lóða. Næst á dagskrá þegar kristaltækið er búið er að feðgarnir ætla að smíða saman afturvirkta viðtæki (Desert Rat) og gengur það vonandi betur. Endanlegt takmark er að smíða saman bæði viðtæki og senditæki.

Fyrir 40 árum síðan hjálpaði ég föður mínum að smíða stuttbylgju móttakara sem hafði fjögur bylgjusvið og var efnið notaðir íhlutir sem við fengum ódýrt á Apliu stræti (Andarstræti) í Hong Kong. Þannig kynntist ég töfrum útvarps og öllu sem því fylgir. Nú er komin tími til að næsta kynslóð fái að kynnast þessum töfrum útvarps eins og ég á

sínum tíma. Öll aðstoð við verkefnið er vel þegin. Ying Hum VA3YH  
va3yh@rac.ca <http://www.qsl.net/va3yh>  
73 de TF3NJ/VA6NJ

## QRV á sólarströnd frh.

upp þarna á ströndinni. Ég leyfði honum að hlusta í tækinu, fara á milli stöðva og jafnvél yta á morse-lykilinn. Þetta var greinilega spennandi og þarna var augsýnilega efni í radióamatör. Ég gæti örugglega fundið fyrir hann tengilið fyrir amatör radió á Spáni og sent honum á tölvupósti. Spurði konuna mína hvort hún hefði ekki blað og blýant svo ég gæti fengið netfangið hans. Mig vantaði líka myndavélina, því ekki væri nú amalegt að eiga mynd af okkur tveimur við radiótækin til að hafa með frásögn í CQ TF. Konan mín horfði rannsakandi á mig dágóða stund. “Er allt í lagi með þig?” spurði hún. Jú, það hélt ég nú – hvað var að? “Hugsaðu þér”, svaraði hún, “hér eru foreldrar drengsins örugglega einhvers staðar nærri og eru kannski að fylgjast með honum einmitt núna. Þau sjá hann á tali við miðaldra, ókunnugan mann á ströndinni og heyrta svo að hann vilji fá netfangið hans og mynd af honum með sér.” Jú, ég varð að viðurkenna að þetta gat litið illa út, þannig lagað. Og ekki bætti úr skák að æskulýðsstarf poppstjörnuunnar Michaels Jacksons var einmitt um þessar mundir í meðförum dómstóla og fór ekki fram hjá neinum sem kveikti á sjónvarpi.

Ég dæsti með sjálfum mér og hugsaði með söknuði til þess tíma þegar við unglíngarnir vorum að kynnast amatör radiói heima á Íslandi. Enginn kippti sér upp við að við hængum fram á nætur í félagsheimili ÍRA á Vesturgötunni, hjá Kristjáni, TF3KB vestur á Grandagarði, eða öðrum sem voru tilbúnir að hjálpa okkur fyrstu skrefin á áttunda áratug síðustu aldar. En æskulýðsstarfi mínu var lokið þarna - ég brosti til strákna, veifaði honum í kveðjuskyni og hann hélt áfram göngu sinni eftir ströndinni. Vonandi finnur hann sína eigin leið að amatör radiói, án minnar aðstoðar. 73 de Kiddi, TF3KX

# Vetrardagskrá Í.R.A. 2005-2006

Pór Þórisson TF3GW

Vetrardagskrá Í.R.A. fyrir veturinn 2005-2006 er áætluð eins og eftirfarandi upptalning segir til um. Hugsanlega breytast dagsetningar á einstökum liðum þar sem ekki er ljóst hvort þeir sem halda fyrirlestrana geti mætt á áætluðum tíma, t.d. vegna vinnu eða annars. Allar breytingar verða tilkynntar á Í.R.A. póstinum svo fljótt sem auðið er ef með þarf. Á eftir hverjum fyrirlestri verður svarað spurningum sem upp koma. Eins og sést er ætlunin að taka þátt í nokkrum keppnum og er hér með auglýst eftir “keppnisteymi“ til að taka þátt í þeim.

## September.

Fimmtudaginn 15. kl. 20:30 verður Vilhjálmur Kjartansson TF3DX með fyrirlestur um loftnet og muninn á útbreiðslu á jarðbylgju og stökkbylgju (sky wave), NVIS loftnet sem talin eru hentug til samskipta innanlands og til nágrannalandanna ef skilyrði eru heppileg. Væntanlega verður farin loftnetatilaunaferð upp í Guðmundarlund í Kópavogi einhvern dag núna á næstu vikum ef veður og áhugi er fyrir hendi. Þar geta Í.R.A. félagar æft sig á að setja upp loftnet t.d. með nýju stöngunum sínum. TF3HR kemur til með að hafa veg og vanda af framkvæmdinni. Nánar verður tilkynnt um ferðina og tilhögun um leið og vitað verður.

Fimmtudaginn 8. verða vanir menn við félagsstöðina sem ætla að fara yfir hana og leiðbeina þeim sem þess óska.

Helgina 10./11. er ráðgert að TF3W taki þátt í WAE SSB keppninni. Stendur yfir í 48 tíma.

Helgina 24./25. er ráðgert að TF3W taki þátt í CQ WW RTTY keppninni. Stendur yfir í 48 tíma. Þessa sömu helgi er SAC SSB keppnin og stendur hún yfir frá kl. 12 á laugardegi til 12 á sunnudegi, eða í 24 tíma. Væntanlega verður reynt að taka þátt í báðum keppnum, en með þetta eins og aðrar keppnir sem eru tilgreindar hér fer það eftir þátttakendum.

## Október.

Fimmtudaginn 13. KL. 20:30 verður Hraf-

nkell TF3HR með fyrirlestur og sýningu og jafnvel smíði á QRP tækinu sem hann hefur sett saman. Þeir sem hafa áhuga á að smíða slíkt tæki eru vinsamlegast beðnir að hafa samband við Hrafinkel í síma 825-8232 um íhluti og fl. sem til þarf.

Helgina 29./30. er ráðgert að TF3W taki þátt í CQ WW SSB keppninni. Stendur yfir í 48 tíma.

## Nóvember.

Fimmtudaginn 17. kl. 20:30 verður Jón Þóróddur Jónsson TF3JA ásamt fleirum með fyrirlestur um neyðarfjarskipti og tengt efni

Helgina 12./13. er ráðgert að TF3W taki þátt í WAE RTTY keppninni. Stendur yfir í 48 tíma.

Helgina 26./27. er ráðgert að TF3W taki þátt í CQ WW CW keppninni. Stendur yfir í 48 tíma.

## 2006

## Janúar.

Laugardaginn 14. kl. 14:00 verður haldinn almennur fundur um allt það sem við kemur starfssemi ÍRA og eins því sem ykkur dettur í hug. Að sjálfsögðu verður heitt á könnunni ásamt meðlæti eins og hver getur í sig látið.

## Febrúar.

Fimmtudaginn 9. verða vanir menn við félagsstöðina sem ætla að fara yfir hana og leiðbeina þeim sem þess óska.

Helgina 11./12. er ráðgert að TF3W taki þátt í CQ WW WPX RTTY keppninni. Stendur yfir í 48 tíma.

Helgina 18./19. er ráðgert að TF3W taki þátt í ARRL DX CW keppninni. Stendur yfir í 48 tíma.

## Mars.

Helgina 4./5. er ráðgert að TF3W taki þátt í ARRL DX SSB keppninni. Stendur yfir í 48 tíma.

Helgina 25./26. er ráðgert að TF3W taki þátt í CQ WW WPX SSB keppninni. Stendur yfir í 48 tíma.

Apríl mánuði er enn þá óráðstafað.

## Mai.

Aðalfundurinn.